

110 / 52 fundur

Fimmtudagskvöldið 14. júní 2001 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:00.

Mættir. Henry Már Ásgrímsson, Gunnlaugur Ólafsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Oddur Skúlason og Magnús Már Þorvaldsson.

Varaoddviti setti fund og bauð menn velkomna. Óskaði eftir breytingu á röðun á dagskrá, þannig að dagskrárliður 3. yrði 1. var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá.

1. Mál. Þórshafnarhreppur, ársreikningar 2000, fyrri umræða.

Helga Sigríður Böðvarsdóttir frá KPMG dreifði til fundarmanna handritum af ársreikningunum og útskýrði þá síðan lið fyrir lið, sýndi líka súlurit fyrir reksturinn s.l. þrjú ár og samanburð við önnur sambærileg sveitarfélög.

Hvatti Helga hreppsnefnd til að flýta gerð fjárhagsáætlunar og fylgjast vel með rekstri sveitarfélagsins.

2. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Staðardagskrá 21, kynningarfundur 11.06.2001. Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Áhugahópur um Sauðanesbústaðinn 22.05.2001. Samþykkt samhljóða.
- Húsnæðisnefnd 23.05.2001. Samþykkt samhljóða.
- Skýrsla sveitarstjóra í tengslum við fundargerðir, Magnús Már greindi frá störfum sínum margt kom fram í máli hans.

3. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing 120. fundur 11.05.2001. Samþykkt samhljóða.
- Heilbrigðiseftirlit N.e. 34. fundur 14.05.2001.
- Hafnarsamband sveitarf. 242. fundur 09.03.01 og 243. fundur 11.05.01. Samþ. samhljóða.
- Félagsmálaráðuneytið - yfir og undirkjörstjórnir v/ kosninga 25. maí 2002.
- Sveitarstjóra falið að kanna stöðu mála og stefnt að því að ganga frá skipun kjörstjórnar á næsta fundi hreppsnefndar.

4. Mál. Félagsmálaráðuneytið Yfir og undirkjörstjórnir v/ kosninga 25. maí 2002.

Sveitarstjóra falið að kanna stöðu mála og stefnt að því að ganga frá skipun kjörstjórnar á næsta fundi hreppsnefndar.

5. Mál. Samb. ísl.sveitarf. VPV - Yfirfærsla á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Kynning.

6. Mál. Samband ísl. sveitarf. fundargerð launanevndar og starfsgreinasambands. Kynning.

7. Mál. Samband ísl. sveitarf. Um lóðaúthlutanir m.t.t. Mosfellsbæjar. Kynning.

8. Mál. Innsend erindi frá:

- Björgunarsveitinni Hafliða v/ Langanesferða. Bréf dags. 13.05.01. Samþ. samhljóða.
- Eigendum Eyrarvegar 3. Skuldbinding Þórshafnarhrepps. Bréf dags 15. maí 2001. Verkstjóra áhaldahúss falið að ræða við umrædda aðila og koma málinu í góðan farveg.
- Skeggjastaðahrepp, bréf til samgönguráðherra. Kynning.
- Skeggjastaðahrepp, tilnefning í stjórn brunavarna. Varaoddviti bar upp þá tillögu að Magnús Már yrði fulltrúi sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
- Vegagerð, Birgir Guðmundsson umd. stjóra / fundarboð / Langanes. Bréf dags. 31. maí 01. Ákveðið að óska eftir fundi hér á Þórshöfn þann 27. júní n.k.

· Búnaðarf. Langnesinga, ályktun um fjöruhreinsun. Bréf dags. 10.06.01. ákveðið að skoða málið með jákvæðum huga.

9. Mál. Einkamál. Verður afgreitt að loknum fundi og fært í trúnaðarbók.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 23:00.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.